

Ragnar
Kjartansson

03.06.–
24.09.2017

Guð,
hvað mér
líður illa,
Good Feel
So Bad



Ragnar Kjartansson

Þessi yfirlitamikla sýning endurspeglar hugleiðingar Ragnars Kjartanssonar um listina í sínum ótal birtingarmyndum. Í verkum listamannsins birtist óður til hennar en jafnframt afhjúpun. Við sköpum og njótum tónlistar, leikhúss, kvikmynda, bókmennta og myndlistar til þess lyfta andanum og kafa ofan í mannlega tilvist. Allt eru þetta fallvölt vísindi sem Ragnar togar og teygir listformanna á milli með margvíslegum skírskotunum í sögu þeirra og eigið lífshlaup um leið.


Á sýningunni eru verk frá því snemma á ferli listamannsins til dagsins í dag. Þau gefa vísbendingar um hvernig list virkar með því að sýna bæði framhlið hennar og bakhlið. Þau láta reyna á möguleika listsköpunar og takmörk og kalla í leiðinni fram hið fullkomna og hið fáránlega. Og sífellt takast á raunveruleikinn og listin, efinn og vonin. Þau ýmist þvælast hvort fyrir öðru, speglast sín á milli eða renna saman í eitt.

Markús Þór Andrésson
sýningarstjóri curator


This extensive exhibition reveals Ragnar Kjartansson's reflections on art in all its multiple forms. His work is an ode to art as such but also an exposure. As we create and enjoy music, theater, film, literature and visual arts, we raise the spirit and delve into the human condition. Kjartansson shifts and sways this precarious science from one art form to another, citing their histories diversely as well as his own biography.

Works from Kjartansson's early career to the present may be found in this exhibition. They provide clues as to how art works by displaying both its front and backside. They challenge the possibilities and limits of artistic creation, bringing about the wonderful and the ridiculous. And relentlessly they clash; reality and art, doubt and hope. They obstruct one another, mirror each other or ultimately merge into one.

1 HÆÐ FLOOR



2 HÆÐ FLOOR



Til tónlistarinnar

An die Musik (To Music)

2012 / 2017

3.–11. júní

3–11 June

Hið ljúfa sönglag Franz Schuberts við rómantískt ljóð Franz von Schober, *An die Musik* (1817), er flutt af fimm ólíkum pörum, söngródd og píanóundirleik. Lagið telst til lykilverka sígilds ljóðasöngs. Þar eru listinni færðar þakkir, því hún kann að lyfta andanum í hæstu hæðir og fá okkur til að gleyma veraldlegu amstri, þótt ekki sé nema andartak. Í gjörningnum er gerð tilraun til þess að teygja það augnablik daginn út og inn í rúma viku. Gjörningur Ragnars fór fyrst fram við vígslu nýrra húsakynna Migros samtímalistasafnsins í Zürich.

Franz Schubert's delightful setting of Franz von Schober's romantic poem, *An die Musik* (1817), is performed by five different duos, a voice and a piano. It is considered a key work of classical *Lieder*, the setting of poems to music. It is an expression of gratitude to art, which can raise the spirit to heights unknown and allow us to forget about worldly troubles, if only for a moment. In the performance, an attempt is made at extending this moment day in and day out for over a week. Kjartansson's performance was commissioned for the inauguration of the renovated Migros Museum für Gegenwartskunst in Zürich.

Kona í e-moll

Woman in E

2016 / 2017

17. júní – 3. september

17 June – 3 September

Í miðjum hring úr gylltum strimlum stendur kona í pallíettukjól eins og lífandi stytta á snúningspalli. Hún er með Fender-rafmagnsgítar um öxl tengdan magnara og þegar hún slær á strengina ómar e-moll hljómur um sýningarsalinn. Hljómurinn er sígild undirstaða dægurtónlistar enda liggur hann fyrirhafnarlítið í grunnstillingu hljóðfærisins. Hann er angurvær en um leið ágengur, einkum hér þar sem hann er endurtekinn í sífellu án tilbrigða. Gjörningurinn fór upphaflega fram í samtímalistasafni Detroit-borgar, MOCAD. Þar kallaðist verkið á við þá staðreynd að í borginni spruttu á sínum tíma fram afgerandi tónlistarstefnur 20. aldarinnar.

In the middle of a circular backdrop of glittery gold strips, a solitary female figure stands in a sequin gown like a living sculpture on a rotating platform. She carries a Fender electric guitar hooked to an amplifier and when she strums it, E minor echoes through the gallery. The chord is a classic base in music as this is a very natural key for the instrument. It is melancholic yet insistent, in particular when repeated ad infinitum without variation as it is here. The performance was commissioned by the Museum of Contemporary Art, Detroit. There the work reflected the fact that the city gave birth to significant musical innovations of the 20th century.

Taktu mig hérna við uppvottavélina - minnisvarði um hjónaband

Take Me Here by the Dishwasher
- Memorial for a Marriage
2011 / 2017

9.–24. september

9–24 September

Tíu tónlistarmenn syngja og leika daglangt á gítar yfir tveggja vikna tímabil. Þeir eru dreifðir um sýningarsalinn, eins og hver í sínum heimi en allir þó í samhljómi. Þeir tylla sér á stóla, flatmaga á beddum, röltu um og hangsa með hljóðfærin sín á meðan tómar bjórflokskur safnast fyrir kringum þá. Að baki er sýnt síendurtekið þriggja mínútna myndband af karli og konu í ástarleik í eldhúsi. Atriðið er úr fyrstu alíslensku kvikmyndinni í fullri lengd, *Morðsögu* frá 1977, og leikararnir eru foreldrar Ragnars. Í fjölskyldunni gengur sú saga að listamaðurinn hafi verið getinn einmitt um það leyti þegar myndin var tekin upp. Ragnar bað tónskáldið Kjartan Sveinsson að umbreyta hinu stuttaralega samtali þessa ljósbláa atriðis í fjölradda söngverk fyrir trúbadora. Gjörningurinn fór upphaflega fram í BAWAG P.S.K. Contemporary, í Vínarborg.

Ten musicians sing and play the guitar over a two-week period. They are spread throughout the gallery, each as in his own world, yet in one harmony. Some are sitting on the floor, others in chairs or sofas, others still lying on mattresses on the floor, empty beer bottles piling up around them. A video projection comprised of a three-minute loop is playing behind them, featuring a soft-focus love scene between a man and a woman set in a kitchen. The clip is from the first Icelandic full-length feature film, *Morðsaga* (Murder Story) from 1977, and the actors in the scene are Kjartansson's own parents. Family lore has it that the artist was conceived at the time the film was shot. He invited songwriter and composer Kjartan Sveinsson to transform the hackneyed dialogue into a ten-part polyphonic score for troubadours. The work was originally performed at BAWAG P.S.K Contemporary, Vienna.

Brúðkaupsnóttin

Die Nacht der Hochzeit
(The Night of the Wedding)
2015–2016

Til 3. september

Until 3 September

Málverkaröðin samanstendur af vatnslita-myndum í mismunandi stærð sem allar sýna dimmbláan og stjörnum pryddan næturhiminn. Fyrsta verkið var málað sem brúðkaupsgjöf til vina en síðan vatt sérían upp á sig og ber heiti sem vísar í upphafið. Titillinn kallar fram stund og stað sem vísar í persónulega reynslu og frásögn, hvort heldur listamannsins, okkar áhorfenda eða annarra persóna. Ragnar leikur sér sem fyrr að andstæðum hinnar einstöku upplifunar, í þessu tilviki hjartfólginnar unaðs-stundar, og endurtekningar sem birtist í fjölmörgum ólíkum útfærslum sömu myndar. Um leið minna málverkin á leiktjaldamálun fyrri tíma, þegar sviðsmynd var degin upp fyrir senu um nótt.

The painting series consist of watercolours in different sizes, all depicting a dark blue, starry night sky. The first painting was a wedding gift for a friend but later the work expanded, still referring to the origin. The title conjures up a time and a place in reference to personal experience and account, be it that of the artist, us viewers or other persons. As before, Kjartansson plays with the contrast between a unique experience, in this case a heartfelt moment of pleasure, and repetition here represented as numerous variations of one and the same image. At the same time the paintings remind us of early scenography, when a backdrop was painted for a night scene.

Stúka Hitlers

Hitler's Loge

2006

Við endurnýjun Admiralspalast leikhússins í Berlín, snemma á 21. öld, var rifin niður einkastúka sem smíðuð hafði verið árið 1941 fyrir Hitler, svokölluð *Führerloge*. Endursmíði leikhússins var í höndum nýrra eigenda og rekstraraðila og þeirra á meðal var tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson. Ragnar hafði veður af þessu og textinn á marmaraskildinum lýsir því sem gerðist: „Ég hringdi í Helga Björns, hann útvegaði mér stúku Hitlers“. Þungu og merkingarhlöðnu efni úr heimssögunni er hér hrúgað á gólf og fengið hlutverk í nýrri og öllu léttvægari frásögn. Sú frásögn tekst ef til vill fremur á við hina hárfínu línu á milli þess ægivalds sem listin getur búið yfir og algjörs máttleysis hennar.

Early two thousands, during the reconstruction of the Admiralspalast theater in Berlin, the *Führerloge*, a private loge made in 1941 for Hitler, was removed. The reconstruction of the theater was in the hands of new owners and entrepreneurs, including the Icelandic musician Helgi Björnsson. Kjartansson found out about this and the inscription on the marble slab describes what happened: "I called Helgi Björns, he supplied me with Hitler's loge". The massive and loaded material from world history is piled up on the floor and rendered a new role in a new and more straightforward narrative. That narrative perhaps rather takes on the thin line between the awesome power of art and its absolute triviality.

Til minningar

Zur Erinnerung (In Memory)

2013

Hvíti marmarastallurinn var gerður fyrir tímabundna sýningu listaverka í opinberu rými í Þýskalandi. Gärtnerplatz-torgið í München er umlukið nýklassískum arkitektúr og féll verk Ragnars þannig vel að umhverfinu. Það sver sig í ætt við hefðbundna minnisvarða um stórmenni eða mikilvæga sögulega viðburði. Þegar betur er að gáð má sjá að á höggmyndina er letruð yfirlýsing annars eðlis: *Alles was er wollte war zu onanieren und Pralinen zu essen* (Allt sem hann langaði var að fróa sér og borða konfekt). Ekki er vísað til nafngreinds einstaklings og verður verkið því minnisvarði um hina venjulegu manneskju, um sammannlegar langanir og tilfinningar.

The white marble pedestal was commissioned for a temporary exhibition of public art works in Germany. With the neoclassical surroundings and manicured gardens Kjartansson's sculpture fit perfectly in the Gärtnerplatz square in Munich. It mimics the traditional remembrance for a prominent personality or an important historical moment. Upon closer inspection we see the sculpture is adorned with an inscription of another nature: *Alles was er wollte war zu onanieren und Pralinen zu essen* (All he wanted to do was to masturbate and eat truffles). No significant individual is mentioned in this reference, rendering the work a monument to the everyday person, to human desires and feelings.

Heimsljós – líf og dauði listamanns

World Light – The Life and Death

of an Artist

2015

Verkið er kvikmynd sýnd á fjórum skjáum og unnin upp úr skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness, *Heimsljósi* (1937–40). Skáldsaga Laxness skiptist í fjórar bækur og á því byggist uppsetning myndbandsinnsetningarinnar. Við gerð verksins styrði Ragnar hópi vina og ættingja úr reykvísku listalífi í mánaðarlöngum gjörningi í Thyssen-Bornemiza-samtímalistasafninu í Vín. Gjörningurinn bar heitið *Höll sumarlandsins* og þar gátu sýningargestir bæði fylgst með framrás kvikmyndarinnar og vinnslunni við hana baksviðs og utansviðs. Kvikmyndaverkið býr yfir sama flökti á milli sviða þar sem við sjáum ekki einvörðungu tókuna sjálfa heldur jafnframt augnablikið þar á undan og eftir. Allar tókurnar á rúmlega átta tíu atriðum myndarinnar eru sýndar óklipptar, hvernig svo sem til tókst eða hve oft þurfti að endurtaka þær. Niðurstaðan verður nokkurs konar kúbísk kvikmynd; viðstöðulaus og brotakennend heild sem snertir á epískum skala mannlegra tilfinninga og örlaga.

The work is a four-screen cinematic adaptation of the novel *World Light* (1937–1940) by the Nobel Prize-winning Icelandic writer Halldór Laxness. Based on the structure of the novel's four volumes the result is a four-channel video installation. To make the work, Kjartansson directed a group of friends and family from the Reykjavik art scene during a one-month performance at Thyssen-Bornemisza Art Contemporary in Vienna. Entitled the *Palace of the Summerland* the performance was open to the public that could simultaneously watch a show, its production and backstage activity. The film work delivers the same oscillation between spheres as not only do we see the actual shot but also the moments before and after. All recordings of the eighty-odd scenes in the film are screened unedited, regardless of how they turned out or how many times they needed to be repeated. The result is a cubistic film of sorts; a relentless and fragmented whole touching on the epic range of human emotion and destiny.

Sviðsetningar úr vestrænni menningu

Scenes from Western Culture

2015

Myndbandsverkin eru hvert um sig eins og lifandi málverk, kyrrlátar myndir sem endurspeglar staðlaðar þrjár vestræns samfélags. Þar er hvorki að merkja sýnilega framvindu, né innbyrðis tengingar. Karl og kona borða kvöldmat á veitingahúsi, fólk á hraðbáti á fjallavatni, þar að elskast í hvítu herbergi, kvöldund í heimalauginni, börn velstæðra að leik í garði og svo framvegis ... Þetta eru kunnuglegar senur, hvort heldur úr heimi kvikmynda, auglýsinga eða brunni eigin reynslu. Ragnar hefur í samhengi þessarar myndbandsinnsetningar talað um „innilokunarkennd vestrænnar menningar“ og minnr þar með á að daglegt líf okkar hverfist um endurtekningu. Í heimshluta okkar enduróma sömu hugmyndir sem eiga að endurspeglar lífsfullnægju og hamingju, drauminn um ást og velsæld. Í ofhlæði innsetningarinnar og með því að teygja senurnar á langinn setur Ragnar þær fram í senn aðlaðandi og fráhrindandi, eftirsóknarverðar og innantómar.

Each video in this installation is like a “cinematic painting”, calm images reflecting the standard desires of Western culture. There seems to be no visible narrative, nor inner connections. A man and a woman having dinner together, a speedboat scene on a mountain lake, a couple making love in a white minimal interior, an afternoon swim, upper-class children playing in a garden, et cetera... These are familiar scenes from movies, advertising or our own experience. Contextualizing the video installation, Kjartansson has brought up the notion of “Western culture claustrophobia”, reminding us of the fact that our daily lives revolve around repetition. In the West the same ideas resonate representing life fulfillment and happiness, the dream of love and prosperity. In the overflow of the installation and by extending the scenes at length, Kjartansson presents those ideas both as attractive and repulsive, fulfilling and shallow.

Morgunn á Þingvöllum

Morning at Þingvellir

2007

Harpa Brennur

Harpa Burning

2011

Guð hvað mér líður illa

God, I Feel so Bad

2008

Skissubækur

Sketch Books

2004–2015

Djöfull hata ég sjálfan mig

I Fucking Hate Myself

2005

Schumann-vélin

The Schumann Machine

2008

Þorlákur Einarsson og Biblían í Feneyjum

Þorlákur Einarsson and
the Bible in Venice

2009

Einar Jónsson? (úr Ókyrrðinni miklu)

Einar Jónsson?
(from the Great Unrest)

2005

Aðeins sá sem þekkir þrá

Nur wer die Sehnsucht kennt
(None but the Longing Heart)

2015

Hér má sjá skissubækur og stök verk frá ýmsum tímum á ferli Ragnars sem ýmist hafa verið sköpuð sem hluti af viðameiri heild eða sem sjálfstæð verk. Þau endurspeglu áþekkar hugmyndir og sjá má í stærri verkum og innsetningum á sýningunni. Titilverk sýningarinnar er teikning sem unnin var árið 2008 þar sem setningin *Guð hvað mér líður illa* er sett fram í þrívíðu letri. Hún er endurspeglun þeirrar ljúfsáru angurværðar sem er undirliggjandi í svo mörgum verkum Ragnars. Sú sama tilfinning blandast ýmist efa, þrá, ótta eða trú – að ógleymdri áminningu um dauðleika allra manna – í fjölbreyttum verkum sem unnin eru í ýmsa miðla.

Here you will find sketch books and singular works from different periods of Kjartansson's career, either created as parts of a larger whole or as individual statements. They reflect similar ideas present in the more elaborate works and installations in the exhibition. The exhibition's title piece is a drawing from 2008 with the sentence *God I Feel So Bad* written in three dimensional letters. It evokes the bitter sweet melancholy reverberating throughout so many of Kjartansson's works. That same feeling becomes conflated with doubt, longing, fear or faith – not to mention *memento mori* – in diverse works created in a range of media.

Byggingarlist og siðferði
Architecture and Morality
2016

Málverkaröðin sýnir nútímaleg íbúðahús í því sem virðist vera settlegt hverfi í sólríkri borg. Ef ekki væri fyrir þann stað og stund sem verkin voru unnin væri harla fátt um þessar hæglátu myndir að segja, annað en að tæpa á litleysi úthverfa efri millistéttar. Við gerð verksins dvaldist Ragnar í ísraelskum landtökubýggðum á Vesturbakkanum. Hann málaði undir beru lofti íbúðarhús með svölum, blómabeðum og bíl-skúrum. Í flatneskju sinni hrópa verkin á þá mót-sögn sem felst í tíðindaleyfi og meðalmennsku daglegs lífs gagnvart mannlegum harmleik, valdriðslu og stíðsátökum. Heiti verksins er sótt til þriðju plötu bresku hljómsveitarinnar *Orchestral Manoeuvres in the Dark (OMD)*, *Architecture and Morality*. Það var fyrst sýnt í samtímalistasafninu CCA í Tel Aviv.

The painting series portrays modern apartment housing in what seems to be a bourgeois neighborhood in a sunny city. Were it not for the time and place, in which the paintings were created, hardly much could be commented on in these featureless pictures, other than reflecting on the dullness of upper middle class suburbia. To make the work, Kjartansson set up residence in the Israeli settlements in the West Bank region. He captured the surroundings plain-air, urban houses with balconies, plants and garages. In their banality the paintings highlight the contradiction of numbness and mediocrity of daily life amidst the human tragedy of persecution and warfare. The title of the work, *Architecture and Morality*, is borrowed from the 1981 hit record by British synth-pop band *Orchestral Manoeuvres in the Dark (OMD)*. It was first presented in the Centre for Contemporary Art in Tel Aviv.

**Magnús Sigurðarson
& Ragnar Kjartansson**
Trúnaður
Intimacy
2004

Samstarfsverk listamannanna og vinanna Ragnars og Magnúsar samanstandur af ólíkum þáttum, ljósmyndum, myndbandi, samtali, potta-plöntum og tónlist. Þar má greina ýmis stef sem enduróma í síðari tíma verkum. Myndbandið sýnir listamennina í hlutverkum þjófanna tveggja sem krossfestir voru sitt hvorum megin við Krist. Þeir opna sig hvor fyrir öðrum í einlægu en nokkuð brokkgengu trúnaðarsamtali um lífið, listina og ástina. Hefðbundnar svart hvítar stúdíóljósmyndir sýna listamennina tvo nakta fyrir framan batiktjöld, í faðmlögum sem minna á klassísk máverk og skúlptúra. Tíu ferðageisla-spilarar á víð og dreif um gólfíð leika upptöku af tregafullum söng trúbadora. Við opnun sýningarinnar í Listasafni ASÍ á sínum tíma léku tónlistarmennirnir sama verk á staðnum.

This early collaborative work of artists and friends, Kjartansson and Sigurðarson, consists of several different elements—photographs, video, dialogue, pot plants and music. It sets the tone for many later works. A video displays the artists in the roles of the two thieves, crucified on each side of Christ. They engage in a sincere, if somewhat patchy dialogue about life, art, and love. Traditional black-and-white studio shots show the two artists in the nude against a backdrop of batik curtains, embraced in various poses reminiscent of classical painting and sculpture. Ten boomboxes spread over the floor play different recordings of troubadours singing a mournful love song. The musicians performed live at the opening of the exhibition in the ASI Art Museum.

Hellingur af sorg

A Lot of Sorrow

2013–14

Ragnar fékk hljómsveitina The National til að taka þriggja mínútna lag sitt, *Sorrow*, aftur og aftur í sex klukkustundir í gjörningi í MoMa-PS1-safninu í New York. Framsetning gjörningsins í kvikmynd er nánast ofurraunsæisleg, en fjöldi tókuvéla gerir áhorfendum kleift að gaumgæfa tónlistarmennina frá mörgum sjónarhornum, víðum og þröngum. Í myndbandinu má sjá hvernig tíminn líður, þreyta sækir á mannskapinn og hljómsveitin reynir varleg tilbrigði og tilraunir, þó þannig að lagið sjálft heldur velli. „Sorrow found me when I was young, sorrow waited, sorrow won“ (Sorgin var minn fylginautur frá unga aldri, sorgin beið og sorgin sigraði). Texti lagsins kallar fram hugmyndir um rómantíska þjáningu – viðfangsefni sem kemur víða við sögu í verkum Ragnars.

For the six-hour video, Kjartansson invited the band The National to play their three-minute song *Sorrow* repeatedly for six hours during a performance at MoMA PS1, New York. The presentation of the performance-as-film is almost hyper realistic, as multiple cameras allow the performers to be captured from different perspectives, wide and up close. Throughout the durational video, as time passes and fatigue sets in, the musicians subtly change and alter the song, experimenting while always keeping the original track recognizable. “Sorrow found me when I was young, sorrow waited, sorrow won.” The lyrics bring up notions of romantic suffering – themes that Kjartansson often addresses in his practice.

Dagskrá

Programme

Gjörningar í A-sal

Performance in Gallery A

3.–11. júní: Til tónlistarinnar

June 3–11: An die Musik (To Music)

17. júní – 3. sept.: Kona í e-moll

June 17 – Sept. 3: Woman in E

9.–24. september:

Taktu mig hérna við uppþvottavélina

- minnisvarði um hjónaband,

Sept. 9–24: Take Me Here by the Dishwasher

- Memorial for a Marriage

Leiðsögn

Mediation

Almenn leiðsögn á íslensku föstudaga kl. 12:30

Guided tours in Icelandic Fridays 12h30

Leiðsögn á ensku þriðjudaga

og fimmtudaga kl. 14:00

Guided tours in English Tuesdays

and Thursdays 14h00

8. júní kl. 20:00 / 8 June at 20h00

Leiðsögn samverkamanns

Tour with collaborator

Magnús Sigurðarson

15. júní kl. 20:00 / 15 June 20h00

Samtal við listamanninn

Conversation with the artist

Ragnar Kjartansson & Markús Þór Andrésson

6. júlí kl. 20:00 / 6 July 20h00

Fyrirlestur listfræðings (á ensku)

Art Theory Lecture (in English)

Bryndís Hafþórsdóttir

13. júlí kl. 20:00 / 13 July 20h00

Leiðsögn samverkamanns

Tour with collaborator

Tómas Örn Tómasson

10. ágúst kl. 20:00 / 10 August 20h00

Leiðsögn samverkamanns

Tour with collaborator

Hildigunnur Birgisdóttir

17. ágúst kl. 20:00 / 17 August 20h00

Leiðsögn sýningarstjóra

Curator's talk

Markús Þór Andrésson

14. september kl. 20:00 / 14 September 20h00

Leiðsögn samverkamanns

Tour with collaborator

Kristín Anna Valtýsdóttir

21. september kl. 20:00 / 21 September 20h00

Leiðsögn sýningarstjóra

Curator's talk

Markús Þór Andrésson

Listleikni

Art Courses

Sumarnámskeið: Spunaleikhús

og listnámskeið fyrir 13–16 ára

Summer Course: Improv theater

and art course for 13–16 years old

Leiðbeinandi With

Una Margrét Árnadóttir myndlistarmaður artist

Námskeið I 12.–16. júní

Course I 12 to 16 June

Námskeið II 19.–23. júní

Course II 19 to 23 June

Baksviðs hjá Ragnari Kjartanssyni. Fjögurra hluta námskeið þar sem rýnt er í hvernig mismunandi listgreinar fléttast saman í verkum Ragnars. Áætlað fyrstu tvær vikur í september. Ragnar Kjartansson Backstage. Four part course focusing on how different art forms appear in Kjartansson's art. On schedule first two weeks of September.

Ragnar Kjartansson Backstage. Four part course focusing on how different art forms appear in Kjartansson's art. On schedule first two weeks of September.

Viðburðir á dagskrá eru á íslensku

nema annað sé tekið fram

Nánari upplýsingar:

listasafnreykjavikur.is/vidburdir

Programme events take place in Icelandic

unless otherwise noted

Further programme:

artmuseum.is/events

Vegleg bók sem veitir innsýn í listheim
Ragnars Kjartanssonar fæst í safnverzlun.
Bókin er bæði til á ensku og á íslensku.
Listasafn Reykjavíkur þakkar öllum þeim
sem lögðu hönd á plóg við uppsetningu
sýningarinnar *Guð hvað mér líður illa*.
Þakkir til þeirra sem lánuðu verk á sýninguna.

A comprehensive publication featuring
the art of Ragnar Kjartansson is available
in the museum shop. The book is published
in English and Icelandic.

The Reykjavík Art Museum kindly thanks
everyone involved in the making of the
exhibition *God I Feel so Bad*. Thanks to those
who lent works to the exhibition.

Þakkir Thanks:

i8 gallerí, Reykjavík

Luhring Augustine, New York

Borgarleikhúsið

Frú Lauga Matstofa

Hafnarborg

Sigurður Gísli Pálmason

Tónskóli Sigursveins

Ölgerðin

Vinnustofa Ragnars Kjartanssonar